

Skák er lífið

Fréttaskeyti Skákakademiunnar 3. tölublað 3. árgangur 15. október 2013



Björn Ívar Karlsson

Meðal efni blaðsins:

- Landsbyggðin: Kraftur í Þingeyingum
- Viðtalið: Björn Ívar Karlsson
- Heilræðahornið: Ráð landsliðsmanna

Góður undirbúningur mikilvægur

Evrópumót ungmenna fór nýlega fram í Budva í Svartfjallalandi. Ungmennalandslið Íslands tók þátt en í liðinu voru átta krakkar frá þremur félögum; Helli, SA og TR. Krakkarnir voru átta til átján ára og af báðum kynum. Með liðinu fóru þjálfararnir Helgi Ólafsson og Hjörvar Steinn Grétarsson. Þar sem nokkrir íslensku keppendanna eru ansi ungir að árum fóru fimm foreldrar með hópnum; allt í allt 15manns auk þess sem Róbert Lagerman hitti hópinn ytra en hann sótti námskeið FIDE í kennslu og mótahaldi.

Mikið var lagt í undirbúning fyrir ferðina. Haldnir voru kynningarfundir með keppendum og foreldrum og stíf þjálfun hjá Helga og Hjörvari hófst í ágúst. Enda eru Evrópumótin gríðarlega erfið mót. Þarna mæta sterkustu skáklöndin með keppendur í bílförnum, Rússar eru t.d. yfirleitt með yfir 200 keppendur og 30 þjálfara! Þjálfararnir sem eru með liðunum eru heldur engir aukvisar og má nefna Jussupow með Þýskalandi, Khalifman með Rússunum og Gurevich með Tyrkjunum.

Það er gríðarlega mikilvægt að senda keppendur á EM og eða HM á hverju ári. Undirbúningur fyrir svona mót og svo þátttaka á mótinu sjálfu í umhverfi með topp þjálfurum gefur keppendunum gríðarlega mikið í reynslubankann. Enda stóðu keppendur á EM sig vel á Íslandsmóti skákfélaga sem fram fór um helgina og hækka á stigum.

Og eins og þátttakan er mikilvæg, þá er undirbúningurinn og allt það umhverfi sem skapað er hópnum afar mikilvægt. Í því skyni ber að fagna för Helga og Hjörvars með hópnum. Helgi hefur staðið vaktina í nær tuttugu ár á ungmennamótunum og Hjörvar gefur nú ríkulega af sér til ungdómsins. Ef til vill má velta fyrir sér að senda enn fleiri keppendur og þá einnig fleiri þjálfara. Með það að markmiði að getustigið og reynslan aukist enn frekar hjá yngri kynslóðinni.

Í þessu blaði má lesa stuttan pistil um skákstarf í Þingeyjarsýslu. Um liðna helgi komu þaðan sex ungir drengir sem mynda eina af unglingsveitum GM Hellis í Íslandsmóti skákfélaga. Þessari þátttöku ber að fagna alvega sérstaklega. Gríðarlega mikilvægt er fyrir unga skákmenn utan af landi að koma sem tíðast til Reykjavíkur á mót, það þekki ég sjálfur. Það má segja að svona ferðir eru jafn mikilvægar fyrir landsbyggðarkarakka og ferðir á EM/HM eru fyrir bestu krakkana.

Einnig má finna afar skemmtilegt viðtal við Björn Ívar Karlsson.


Stefán Bergsson.

Skákþrautakeppni!

Ein erfið skákþraut birtist í hverju tölublaði Fréttaskeytisins fram að jólum og á Þorláksmessu verður dregið úr réttum svörum. Fyrir hverja rétta þraut senda inn fær sendandi einn miða í hattinn svo það er um að gera að svara sem oftast til að auka möguleika sína. Í verðlaun er m.a. ostakarfa, konfekt og skákbækur frá Skákbókasölu Hafnarfjarðar.

Svör skal senda á skakakademia@skakakademia.is

Hvítur mátar í þremur



Björn Ívar Karlsson: Hefur kennt 1500 börnum að tefla



Skákkennarinn og Vestmannaeyingurinn **Björn Ívar Karlsson** er einn virkasti skákkennari landsins.

Stefán Bergsson tók Björn Ívar í viðtal.

Hvenær byrjaðiru að tefla? Byrjaði að tefla seinni hluta árs 1996, þá 11 ára. Fór að mæta á mót hjá Taflfélagi Vestmannaeyja kl. 20:00 á föstudagskvöldum. Ég var langyngstur og sá sem var næstur mér í aldri var sennilega um þrítugt. Á þessum árum var teflt í lítilli kompu í félagsheimilinu og reykt inni. Ég kom yfirleitt heim um miðnætti lyktandi eins og ég væri að koma af balli. Hlutirnir hafa blessunarlega breyst síðan þá en ég er engu að síður afskaplega þakklátur fyrir þessa tíma. Þarna fékk ég tækifæri til þess að tefla við og læra af sterkari og reyndari andstæðingum og það er nauðsynlegt fyrir unga skákmenn.

Hver kenndi þér að tefla? Pabbi kenndi mér að tefla þegar ég var nokkuð ungur en ég sýndi skákinni engan áhuga fyrr en um 11 ára aldurinn.

Hvenær fórstu að kenna sjálfur og hverjum? Fyrsta reynsla mín af skákkennslu var á skáknámskeiði í Grunnskólanum í Eyjum. Þá var ég í 9. bekk, að mig minnir. Ég aðstoðaði þá eldri og reyndari kennara við kennsluna. Ég sá svo sjálfur um skákæfingu í fyrsta skipti hjá Skákfélagi Akureyrar, á menntaskólaárunum fyrir norðan, sennilega árið 2001. Þar man ég eftir einum sérlega efnilegum 6 ára dreng, Mikael Jóhanni Karlssyni. Hann er eitthvað eldri og betri í dag.

Hvað hefurðu kennt mörgum börnum að tefla síðan þú fluttir alfarið til Reykjavíkur? Fyrsta kennsluárið mitt í Reykjavík var 2011 og síðan þá má áætla gróflega að ég hafi kennt rúmlega 400 börnum á ári. Þannig að þetta er kannski að nálgast 1500 börn.

Hvað er það sem heillar við skákkennsluna? Það sem heillar mest við skákkennsluna er það að getað miðlað því sem vekur ánægju hjá manni sjálfum. Ef manni tekst að kenna nemendum sínum eitthvað nýtt sem þeir hafa gaman að þá fer maður frekar sáttur heim í lok vinnudags.

Eru einhverjar sérstakar aðferðir við skákkennslu sem þó notar eða leggur áherslu á? Það má segja að ég hafi kannski frekar myndræna nálgun á skákkennsluna. Þ.e.a.s. að ég reyni að útskýra og kenna ný atriði þannig að nemendur eigi auðvelt með að sjá þau fyrir sér sem mynstur eða geti á einhvern hátt séð þau myndrænt fyrir sér. Ég reyni oftast en ekki að skreyta skákskýringar mínar á sögum sem tengjast bæði uppruna skáklistarinnar og skáksögunni sjálfri. Ég tel sjálfur að það sé frekar mikilvægt fyrir unga skákmenn að þekkja hina ýmsu anga skáksögunnar um leið og þeir verða góðir. Það kenndi mér allavega einn góður skákkennari! (HÓL)

Hvernig er þín venjulega vikulega kennslurútína? Hefðbundin vika hjá mér í skákkennslunni hefst í Klébergsskóla og Hlíðaskóla á mánudögum. Þar kenni ég samtals 6,5 tíma. Á þriðjudögum kenni ég í Foldaskóla og Rimaskóla í Grafarvogi, samtals 5 tíma. Á miðvikudögum í Vogaskóla, Austurbæjarskóla og Ölduselsskóla, samtals 7,5 tíma. Á fimmtudögum í Grandaskóla, samtals 5 tíma. Á föstudögum í Breiðagerðisskóla og Háaleitisskóla, samtals 5 tíma. Einnig er ég með 2 einkatíma á viku og svo kenni ég í Skákskóla Íslands á laugardögum. Þessu fylgir mikil keyrsla á milli staða og talsvert flakk en ég lít svo á að það séu forréttindi að geta fengið að vinna við áhugamálið sitt þannig að ég fer þessa metra glaður!

Hver er uppáhaldsskákmaðurinn fyrr og síðar, íslenskur og svo erlendur?

Uppáhalds íslenski skákmaðurinn er án nokkurs vafa Helgi Ólafsson. Helgi var á sínum tíma í hópi sterkustu skákmanna heims og hefur að mínu mata afar faglega nálgun á skákina annars vegar og skákkennsluna hins vegar. Ég var svo heppinn að njóta smá leiðsagnar frá Helga í skákinni á unglingsárum og það er reynsla sem ég bý enn að. Helgi hefur einkennandi skákstíl og það að tapa fyrir Helga er ekki ósvipað því að láta kæfa sig, hægt og rólega! Uppáhalds erlendi skákmaðurinn þessa dagana er Magnus Carlsen. Ekki af því að hann er besti skákmaður heims og mikið í sviðsljósinu heldur vegna þess hvað hann virðist hafa lítið fyrir sigrunum sínum. Hann hefur óendanlega mikinn sigurvilja og þarf litla yfirburði á borðinu til þess að vinna skákina. Það er eitthvað heillandi við skákstílinn hans.

Hvað er mikilvægt til þess að Ísland eignist afburða efnilega skákmenn á næstu árum? Ísland er á nokkuð góðri leið með að eignast afburða efnilega skákmenn á næstu árum. Þegar góður skákmaður verður til er það samspil margra ólíkra þátta sem kemur þar að. Þar má nefna helsta að mínu mati áhuga, metnað, góða og markvissa þjálfun og stuðning að heiman. Skákkennslan í grunnskólunum á síðustu árum hefur klárlega lagt talsvert af mörkum til þess en auðvitað þarf margt annað að koma til. Ef við höfum skáksöguna til hliðssjónar þá getum við séð að fyrirmyndir í skákinni hafa löngum kveikt mikinn skákáhuga. Skemmst er að minnast einvígis aldarinnar. Ég held t.d. að Friðrik okkar Ólafsson hafi verið mikil fyrirmynd fyrir unga skákmenn á sínum tíma og sama má segja um fjórmeningaklíkuna (HÓ, JLÁ, JH og MP). Ég tel að það gæti gert efnilegum ungum skákmönnum mjög gott að læra af okkar eldri og reyndari skákmönnum með einum eða öðrum hætti. Þetta hefur Skákskóli Íslands t.a.m. gert með kynslóðarmótunum sínum. Ef ég ætti að draga þetta aðeins saman gæti ég nefnt að virkja betur okkar sterkustu skákmenn og fá þá til að miðla af reynslu sinni, búa til sterkar fyrirmyndir fyrir unga skákmenn að líta upp til að vilja líkjast sem sýna jafnframt í leiðinni að það sé eftirsóknarvert að vera góður skákmaður. Kenna ungu kynslóðinni einnig að það að verða góður kostar mikla vinnu, blóð, svita og tár og skákin er enginn mömmuleikur!

Heilræðahornið

Landsliðsmennirnir **Guðmundur Kjartansson, Hjörvar Steinn Grétarsson og Bragi Þorfinnsson** hafa mikla reynslu af taflmennsku á alþjóða vettvangi.

Þeir gefa nú skákmönnum nokkur ráð.

Ráð Braga: Mitt heilræði til ungra skákanna sem eru að stíga sín fyrstu skref í skáklistinni er einfalt. Aldrei gefast upp! Enginn sleppur við mótlæti, en það er mótlætið sem að býr til sigurvegara. Að ná árangri í skák, snýst meira um hugarfar heldur en að liggja eingöngu yfir skákbókum og skáktölvum. Vissulega er undirbúningur og skákrannsóknir mjög mikilvægar en menn ná ekki endalausum framförum ef að hugarfarið fylgir ekki með. Nauðsynlegt er að viðhalda stöðugt áhuga sínum á skák, sem og að þróa með sér jákvæðan baráttuvilja. Því betur sem manni líður við skákbordið, því betur teflir maður

Ráð Hjörvars: Það sem skákmenn gleyma oft er að það getur verið mikilvægt að fara yfir vinningsskákirnar sínar frekar en tapskákirnar. Hver hefur ekki teflt lélega vinningsskák? Skák þarf ekki að vera vel tefld þó hún hafi unnist og maður þarf að gagnrýna eigin taflmennsku í vinningsskákum jafnt sem tapskákum.

Ráð Guðmundar: Menn hafa mismunandi nálgun á skák og hver þekkir sjálfan sig best svo það er mikilvægt að komast að því hvaða aðferðir henta manni best, bæði við að stúdera og tefla. En það eru klárlega atriði sem ganga yfir alla, eins og að vera vel út hvíldur, að hafa eitthvað með sér í skákina til að gefa manni orku, eitthvað annað en gos og nammi, mæta tímanlega í hverja skák osfrv. Ég spái mikið í hlutum eins og réttu mataræði og að hreyfa mig reglulega, því þetta eru venjur sem er mjög auðvelt að tileinka sér og munu nánast örugglega hafa áhrif.

Kraftur í Þingeyingum



Efnilegir skákmenn GM Hellis

Fyrir nokkrum vikum fóru Stefán Bergsson og Gunnar Björnsson í heimsókn í Þingeyjarsveit þar sem skáklífið Goðinn, nú GM Hellir, starfar. Haldnar eru regulegar æfingar fyrir fullorðna, oftast vikulegar. Ýmist er teft á Húsavík eða í sveitinni. Auk þess hefur félagið staðið fyrir skemmtilegum mótum síðustu ár. Formaður félagsins, Hermann Aðalsteinsson, hefur leitt starfið frá stofnun Goðans árið 2005. Skáklíf hafði legið niðri í allmörg ár í Þingeyjarsýslu, en oft hefur verið öflugt skáklíf þar í sveit og mörg skákmót hafa verið haldin Húsavík og þar á meðal alþjóðlegt mót.

Þó nokkur kennsla hefur verið síðustu árin í skólum sveitarinnar sem eru nokkrir. Þessi kennsla hefur getið af sér þéttan hóp ungra skákmanna. Þessir drengir voru í miklum stúderingum og æfingum hjá Stefáni og þóttist námskeiðið takast vel. Í framhaldi af námskeiðinu myndaði svo hópurinn unglingsveit á Íslandsmóti skáklíflaga sem tefldi undir merkjum GM Hellis og stóð sig með mikilli þryði.

Heimsóknin í Þingeyjarsýslu heppnaðist vel. Framsýnarmótið fór vel fram og var vel sótt af keppendum af báðum kyni og á öllum aldri. Allur aðbúnaður hinn besti og mikil skákgleði ríkjandi við taflborðin. Væri þess óskandi að fleiri

helgarmót fylgi í kjölfarið og er það verkefni skákfélaganna og Skáksambandsins að svo megi verða. Það hefur reynst vel að fara í kennsluferðir út á land í hálfu til eina viku og hafa svo helgarmót strax í kjölfarið.